

AUGLÝSING

um staðfestingu á samningi milli Húnabyggðar og Sveitarfélagsins Skagastrandar um félagsþjónustu.

Samkvæmt 5. gr. laga nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga hefur félags- og húsnæðismálaráðuneytið staðfest samning milli Húnabyggðar og Sveitarfélagsins Skagastrandar um félagsþjónustu. Samningurinn var samþykktur á fundi sveitarstjórnar Húnabyggðar 10. júní 2025 og á fundi sveitarstjórnar Sveitarfélagsins Skagastrandar á fundi 20. júní 2025. Staðfesting á samningi hefur verið kynnt innviðaráðuneytinu og mennta- og barnamálaráðuneytinu.

Samningurinn er gerður á grundvelli 96. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, sbr. 93. gr. sömu laga, og tekur til þeirrar almennu félagsþjónustu sem tilgreind er í lögum nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga. Frá undirritun samningsins er Húnabyggð leiðandi sveitarfélag á sameiginlegu þjónustusvæði og veitir íbúum, sem eiga lögheimili í aðildarsveitarfélögunum tveimur, þjónustu eins og nánar er kveðið á um í samningnum.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Félags- og húsnæðismálaráðuneytinu, 29. júlí 2025.

F. h. r.

Tryggvi Þórhallsson.

Lovísa Lilliendahl.

Fylgiskjal.**SAMNINGUR
milli Húnabyggðar og Sveitarfélagsins Skagastrandar
um félagsþjónustu.****I. KAFLI****Almenn ákvæði.****1. gr.***Samningsaðilar.*

Húnabyggð og Sveitarfélagið Skagaströnd gera með sér samning þennan um að Húnabyggð taki að sér verkefni fyrir Sveitarfélagið Skagaströnd.

Frá undirritun samnings þessa telst Húnabyggð vera leiðandi sveitarfélag í félagsþjónustu í skilningi 96. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 á þjónustusvæðinu og tekur að sér framkvæmd þeirra verkefna sem tilgreind eru í samningi þessum á grundvelli 96. gr. sveitarstjórnarlaga um að sveitarfélög geti samið um að eitt sveitarfélag taki að sér verkefni fyrir annað eða önnur sveitarfélög. Húnabyggð veitir íbúum, sem eiga lögheimili í aðildarsveitarfélögum samnings þessa, þjónustu samkvæmt því sem nánar er kveðið á um í samningi þessum. Þjónusta innan svæðisins er veitt á jafnræðisgrundvelli og byggja ákvarðanir um veitingu hennar á mati á þjónustubörf.

Ekki er unnt að skuldbinda samningsaðila umfram það sem tiltekið er í samningi þessum. Komi til ítarlegri lýsing á hlutverki samningsins eða verkefnum bætt við samninginn verður það aðeins gert með samþykki beggja samningsaðila.

2. gr.*Markmið.*

Markmið samningsins eru að tryggja samþætta og heildstæða félagslega þjónustu fyrir íbúa á þjónustusvæðinu og stuðla að hagræðingu í rekstri með samþættingu þjónustu- og rekstrarþátta á sviði félagslegrar þjónustu.

3. gr.*Starfsstöð.*

Meginstarfsstöð þjónustu sem fellur undir samning þennan er í Húnabyggð. Íbúar beggja sveitarfélaga geta sótt þjónustu þangað, haft samband símleiðis eða með stafrænum hætti, eða eftir atvikum mælt sér mót við starfsmann í sínu lögheimilissveitarfélagi.

4. gr.*Málaflokkar og verkefni.***4.1**

Sveitarfélagið Skagaströnd felur Húnabyggð að sinna eftirfarandi verkefnum á sviði félagsþjónustu, sbr. 4. og 5. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991:

- a. Félagsleg ráðgjöf
- b. Fjárhagsaðstoð
- c. Stuðningsþjónusta
- d. Málefni aldraðra
- e. Húsnæðismál og sérstakar húsnæðisbætur
- f. Málefni einstaklinga með áfengis- og/eða vímuefnavanda
- g. Málefni innflytjenda

Í ofangreindu felst að starfsmenn velferðarsviðs Húnabyggðar annast móttöku og úrvinnslu á umsóknum um þjónustu á grundvelli laga og reglna velferðarsviðs Húnabyggðar og annast ráðgjöf, mat á þjónustu og veitingu stuðningsúrráða.

Húnabyggð skal bera ábyrgð á að hafa á að skipa hæfum starfsmanni í 25% stöðugildi vegna ráðgjafar í málefnum fatlaðs fólks sem Skagafljörður sem leiðandi sveitarfélag í samning um sameiginlegt þjónustusvæði á Norðurlandi vestra um þjónustu við fatlað fólk greiðir kostnað af.

Að öðru leyti vísast til samnings um sameiginlegt þjónustusvæði á Norðurlandi vestra um þjónustu við fatlað fólk.

4.2

Viðeigandi lög og reglur, gjaldskrár Húnabyggðar, og eftir atvikum ákvarðanir velferðarnefndar, sem hlotið hafa staðfestingu sveitarstjórnar Húnabyggðar, gilda um afgreiðslu erinda frá íbúum sem og framkvæmd þjónustu sem samningur þessi tekur til.

5. gr.

Valdheimildir.

Húnabyggð er leiðandi sveitarfélag í skilningi stjórnsýslulaga nr. 37/1993, sem felur í sér að Sveitarfélagið Skagaströnd framselur vald til töku ákvarðana um rétt eða skyldu manna á grundvelli laga nr. 40/1991, sbr. 93. gr. sveitarstjórnarlaga, til sveitarstjórnar Húnabyggðar. Því liggur endanleg ábyrgð á ákvörðunum hjá Húnabyggð samkvæmt samningi þessum.

Sveitarfélagið Skagaströnd skal tryggja að valdframsal til Húnabyggðar sé staðfest í samþykkt um stjórn Sveitarfélagsins Skagastrandar eftir því sem við á.

Sveitarstjórn Húnabyggðar hefur heimild til að framselja vald til töku stjórnvaldsákvæðana til nefnda eða starfsmanna og skal slíkt valdframsal útfært í samþykkt Húnabyggðar um stjórn og fundarsköp í samræmi við sveitarstjórnarlög og þau lög sem um stjórnvaldsákvörðunina gilda.

6. gr.

Velferðarnefnd Húnabyggðar.

Sveitarfélagið Skagaströnd tilnefnir einn áheyrnarfulltrúa og einn til vara með málfrelsi og tillögurétt á fundum velferðarnefndar Húnabyggðar þegar til umræðu eru málefni er falla undir samning þennan. Sveitarfélagið Skagaströnd ber kostnað af þátttöku síns áheyrnarfulltrúa.

7. gr.

Upplýsingagjöf.

Fulltrúar í sveitarstjórn Sveitarfélagsins Skagastrandar eiga sama rétt á aðgangi að gögnum og upplýsingum um verkefni sem falla undir samning þennan og sveitarstjórnarfulltrúar Húnabyggðar skv. 28. og 96. gr. sveitarstjórnarlaga.

Húnabyggð ber ábyrgð á miðlun upplýsinga og gagna til Sveitarfélagsins Skagastrandar skv. 8. tölul. 4. mgr. 96. gr. sveitarstjórnarlaga og á grundvelli annarra sérлага. Að öðru leyti gilda ákvæði sveitarstjórnarlaga um upplýsingarétt sveitarstjórnarfólks, lög um persónuvernd og miðlun persónuupplýsinga nr. 90/2018 sem og önnur lög sem gilda um viðkomandi málaflokka.

8. gr.

Samráð og stefnumarkandi ákvarðanir.

Aðilar skuldbinda sig til þess að hafa gagnvirk samráð um ákvarðanir innan þessa samstarfs sem hafa áhrif á fjárhagslegar skuldbindingar aðildarsveitarfélaganna eða leiða til verulegra breytinga á veittri þjónustu samkvæmt samningnum.

Húnabyggð skal boða til samráðsfundar með fulltrúum Sveitarfélagsins Skagastrandar að minnsta kosti tvisvar á ári um efni og framkvæmd samningsins og áður en stefnumarkandi ákvarðanir sem hefðu veruleg áhrif á þjónustu við íbúa eða kostnað koma til staðfestingar í sveitarstjórn Húnabyggðar.

9. gr.

Starfsmenn.

Húnabyggð skal tryggja að til staðar sé starfsfólk til að sinna þeirri þjónustu er samningurinn kveður á um. Húnabyggð er vinnuveitandi starfsmanna sem starfa að verkefnum sem samningurinn tekur til. Í því felst að Húnabyggð fer með ráðningarsamband og allar stjórnunarheimildir gagnvart starfsmönnum. Stjórnendur félagsþjónustu meta það á faglegum forsendum hverju sinni hvaða starfsmaður skuli sinna máli.

Húnabyggð er heimilt að gera samninga við aðila um framkvæmd þjónustu og verkefna sem falla undir samning þennan, svo sem um sérfræðiþjónustu og sérhæfða þjónustu og ber að ganga úr skugga um að viðkomandi aðili uppfylli lögskyld skilyrði til þeirrar starfsemi, s.s. rekstrarleyfi frá Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála þegar það á við.

Starfsmenn Húnabyggðar sem vinna að þeim verkefnum sem heyra undir samning þennan skulu vinna þau í samræmi við ákvæði sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 sem og önnur lög er eiga við um viðkomandi málaflokk og framkvæmd verkefna sveitarfélaga.

Starfsmönnum ber að gæta þagmælsku um atriði sem þeir fá vitneskju um við framkvæmd samningsins og leynt skulu fara samkvæmt lögum. Húnabyggð skuldbindur sig til að tryggja undirritun starfsmanna sinna um þagnarskyldu.

II. KAFLI

Fjármál.

10. gr.

Kostnaðarskipting.

10.1

Kostnaðarskipting.

Húnabyggð mun útfæra kostnaðarskiptingu sem byggir á verkbókhaldi og tekur mið af þeim tíma sem starfsmenn verja í þjónustu við hvorn samningsaðila fyrir sig samkvæmt tímaskráningu starfsmanna.

Öllum rekstrarkostnaði, hvort heldur sem er launakostnaði eða almennum rekstrarkostnaði, skal skipt hlutfallslega á milli samningsaðila í samræmi við tímaskráningu starfsmanna við þá þjónustu sem veitt er samkvæmt samningi þessum.

Samantekið umfang þjónustu samkvæmt tímaskráningu starfsmanna sem veitt er til íbúa með lögheimilisskráningu í Sveitarfélaginu Skagaströnd skal endurspegla það hlutfall kostnaðar sem fellur á Sveitarfélagið Skagaströnd. Engin framlegð er reiknuð inn í verkbókhald.

10.2

Kostnaður við sértæk úrræði.

Kostnaður sem til fellur vegna sértækra úrræða í málum sem fela í sér greiðslur til þjónustuþega, s.s. fjárhagsaðstoð, eða greiðslur til þriðja aðila vegna þjónustu við þjónustuþega sem samþykktur hefur verið samkvæmt samningi þessum, s.s. vegna heimaþjónustu, greiðist af lögheimilissveitarfélagi viðkomandi þjónustuþega.

Húnabyggð getur haft milligöngu um greiðslur slíks kostnaðar fyrir hönd Sveitarfélagsins Skagastrandar í einstökum tilfellum, enda liggi fyrir sérstakt samþykki hins síðarnefnda fyrir milligöngu um útgjöldin. Innheimta vegna milligöngu um greiðslu kostnaðar samkvæmt þessu skal vera samhliða mánaðarlegri innheimtu vegna þjónustu samkvæmt samningi þessum.

Sé áætlaður kostnaður við sértæk úrræði vegna þjónustu við íbúa með lögheimili í Sveitarfélaginu Skagaströnd umfram fjárhagsáætlun skal leita staðfestingar sveitarstjórnar Sveitarfélagsins Skagastrandar áður en þjónustan er samþykkt hjá Húnabyggð.

10.3

Innheimta kostnaðar.

Greiðslur vegna þjónustu samkvæmt samningi þessum skulu innheimtar mánaðarlega eftir á. Reikningar eru sendir greiðanda eigi síðar en 20. hvers mánaðar með eindaga 1. dag næsta mánaðar.

Miðað skal við að endanlegt uppgjör vegna kostnaðarskiptingar hvers árs liggi fyrir eigi síðar en 31. janúar næsta árs.

10.4

Fjárhagsáætlun.

Húnabyggð ber ábyrgð á því að áætla hver kostnaður er vegna þeirra þjónustuþátta sem samningur þessi tekur til og afhendir Sveitarfélaginu Skagaströnd þá áætlun eigi síðar en 1. nóvember ár hver.

Sveitarfélagið Skagaströnd hefur heimild til að fá afrit af drögum af fjárhagsáætlun þeirrar deildar Húnabyggðar sem tengist veitingu þjónustu samkvæmt samningi þessum. Að lokinni samþykkt sveitarstjórnar Húnabyggðar getur Sveitarfélagið Skagaströnd fengið afhent afrit af fjárhagsáætlun viðkomandi deildar. Komi til þess að gerður verði viðauki við fjárhagsáætlun Húnabyggðar sem varðar þá deild sem veitir þjónustu samkvæmt samningi þessum tilkynnir Húnabyggð það til Sveitarfélagsins Skagastrandar.

Húnabyggð ber ekki ábyrgð á að áætla kostnað eða tilkynna Sveitarfélaginu Skagaströnd um útgjöld fyrir fram, umfram það sem leiðir af samningi þessum.

10.5

Tímabundin kostnaðarskipting.

Frá gildistöku samnings þessa og á meðan unnið er að verklagi fyrir starfsemi félagsþjónustu Húnabyggðar, sbr. gr. 10.1 og 10.2, mun skipting kostnaðar vegna þjónustu samkvæmt samningi þessum vera hlutfallsleg samkvæmt íbúafjölda sveitarfélaganna. Miðað skal við íbúafjölda 1. janúar yfirstandandi rekstrarárs og áætlaðan heildarkostnað við rekstur félagsþjónustu (málaflokkur 02), að frádregnum greiðslum fyrir sértæk úrræði sem greiðist af hvoru sveitarfélagi fyrir sig samkvæmt lögheimilisskráningu þjónustuþega. Kostnaðaráætlun vegna reksturs félagsþjónustunnar sem unnin er af stjórnsýslu Húnabyggðar, skal borin undir og staðfest af sveitarstjórn Sveitarfélagsins Skagastrandar.

Mánaðarlegar greiðslur fyrir þjónustuna skulu miðast við síðast samþykktu fjárhagsáætlun. Verði verulegar breytingar á áætluðum kostnaði vegna breytinga á lögum sem um þjónustuna gilda eða annarra utanaðkomandi aðstæðna skal gerður viðauki við fjárhagsáætlun. Mánaðarlegar greiðslur fyrir þjónustuna skulu þá miðast við uppfærða áætlun. Heildarkostnaður vegna þjónustunnar skal gerður upp í lok árs og greiðsluþátttaka hvors sveitarfélags leiðrétt til hækkunar eða lækkunar eftir því sem við á.

Samningsaðilar eru sammála um að fram fari mat á umfangi starfseminnar með það fyrir augum að skilgreina markmið, þjónustustig og árangursvísa. Jafnframt verði skýrt verklag mótað sem stuðli að auknu gagnsæi við kostnaðarskiptingu. Í því felst að þróa verklag hvað varðar verkbókhald, kostnaðarstýringu og niðurbrot, tölfræði verkefna o.fl. samkvæmt samningi þessum.

Niðurstöður á verklagi vegna kostnaðarskiptingar samkvæmt gr. 10.1 og 10.2 skulu liggja fyrir eigi síðar en 12 mánuðum eftir gildistöku samnings þessa og verða þær kynntar velferðarnefnd og sveitarstjórnnum beggja sveitarfélaga áður en kostnaðarskipting samkvæmt gr. 10.1 og 10.2 tekur gildi.

11. gr.

Eignir.

Húnabyggð er eigandi mannvirkja, rekstrartækja og annarra verðmæta sem notuð eru vegna reksturs verkefna samkvæmt samningi þessum. Kaup á búnaði sem nýttur er við að veita þjónustu til íbúa samkvæmt samningi þessum telst eign þess aðildarsveitarfélags sem greiddi fyrir búnaðinn.

III. KAFLI

Önnur ákvæði.

12. gr.

Gildistaka.

Samningur þessi tekur gildi við birtingu í Stjórnartíðindum að fenginni staðfestingu sveitarstjórna Húnabyggðar og Sveitarfélagsins Skagastrandar auk félags- og húsnæðismálaráðuneytis og innviðaráðuneytisins.

13. gr.

Uppsögn samnings.

Ef aðildarsveitarfélögin eru um það sammála má slíta samstarfi þegar í stað og miðast uppsögn þá við næstu mánaðamót eftir að uppsögn á samningi barst með sannanlegum hætti. Að öðrum kosti er hvorum samningsaðila heimilt að segja upp samningnum með eins árs fyrirvara og skal uppsögn miðast við næstu mánaðamót frá því tilkynning berst.

14. gr.

Ágreiningur.

Rísi ágreiningur vegna samnings þessa skal honum vísað til Héraðsdóms Norðurlands vestra náist ekki samkomulag milli aðila.

B-deild – Útgáfudagur: 13. ágúst 2025